

Vaðlar	Mosvallahreppi	70 einingar	36
Holt	—	91 —	12. júní
<hr/>			
Samtals			1296 einingar

Aukafélagar greiði gjald sem svarar 20 — tuttugu — einingum hver.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júní 1936.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

37

19. júní

fyrir rafveitu Eskifjarðarhrepps.

1. gr.

Rafveita Eskifjarðarhrepps selur rafmagn innan þess svæðis, sem taugar hennar ná yfir, að svo miklu leyti, sem afl hennar nægir, samkvæmt eftirfylgjandi skilmálum.

2. gr.

Stjórn rafveitunnar hefir hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps á hendi. Hún ræður stöðvarstjóra og framkvæmdastjóra og hefir eftirlit með störfum þeirra. Reikningar rafveitunnar skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, kosnum af hreppsnefnd til eins árs í senn. Reikningsár rafveitunnar skal vera það sama og hreppsins.

3. gr.

Rafmagnið er einkum ætlað til lýsingar. Þó má hreppsnefnd selja til annara afnota afl það, sem rafveitan hefir umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt hindrar rekstur hennar til ljósa.

4. gr.

Reksturstími rafveitunnar til ljósa er frá 1. ágúst til 30. maí ár hvert, eftir nánari reglum, sem hreppsnefnd setur.

5. gr.

Á þeim tíma, sem vélar rafveitunnar eiga að vera í gangi, má því aðeins stöðva þær eða taka strauminn af, að brýn nauðsyn beri til sökum viðgerðar eða annara tálmana, og skal þá jafnan hleypa straumnum á veituna eins fljótt og unnt er.

37

19. júní

6. gr.

Hver sá, er óskar að fá nýja raflögn til notkunar eða láta breyta eldri lögn, skal senda um það skriflega beiðni til framkvæmdastjóra rafveitunnar, með nákvæmum upplýsingum um það, hve mikið afl hann vill fá til ljósa eða annarar notkunar. Framkvæmdarstjóri leitar álits stöðvarstjóra um umsóknina og leggur hana síðan fyrir hreppsnefnd, sem ákveður, hvort raflögnin eða breytingin skuli leyfð eða ekki. Framkvæmdastjóri tilkynnir umsækjanda úrskurð hreppsnefndar ekki síðar en þrem vikum eftir að umsóknin kom honum í hendur. Áður en byrjað er á verkinu, skal umsækjandi skuldbinda sig til að fylgja fyrirmælum þessarar reglugerðar og þeim breytingum, sem á henni kunna að verða. Beiðni um rafmagn skal vera bindandi að minnsta kosti fyrir eitt ár. Hafi þó eigi verið sagt upp með mánaðar fyrirvara skoðast rafmagnsbeiðnin gildandi fyrir næsta ár.

7. gr.

Húsálmur leggur rafveitan á sinn kostnað frá aðalálmum allt að 35 m. Það, sem fram yfir er, kostar húseigandi. Séu sérstakir örðugleikar við lagningu húsálmur, getur rafveitan krafizt endurgreiðslu á þeim kostnaði, sem af því leiðir, en ef svo stendur á, skal gera hlutaðeiganda aðvart um það fyrirfram. Raflagnir á bryggjur og aðra staði, þar sem þeim er hætt við skemmdum, verða eigi lagðar nema á kostnað hlutaðeigenda.

8. gr.

Rafveitan leggur til mæla, hemla og vör utanhúss án sérstakrar leigu. Skyllt er hverjum húseiganda að leggja til kassa utan um mæla eða hemla, sé þess krafizt af hreppsnefnd. Sér framkvæmdastjóri um smíði á þeim. Ekki ber rafveitunni skylda til að setja upp mæla í sjóhúsum og útihúsum og ekki fyrir íbúð fyrir minna en 10 watta ljósnotkun. Þar sem því verður við komið að dómi rafvirkja, skal tengja raftaugar sjóhúsa og útihúsa straummælum tilheyrandi íbúðarhúsa. Skyllt er rafveitunni að rannsaka á sinn kostnað á tveggja ára fresti, hvort mælar séu réttir. Nú krefst ljósnotandi eða húseigandi innan þess tíma, að mælir hans sé prófaður, án þess þó að framkvæmdastjóri eða löggiltur rafvirki telji þess þörf; skal mælirinn þá að visu reyndur, en á kostnað þess, er beiðzt hefir, nema beiðni hans reynist á rökum byggð við rannsókn málsins.

9. gr.

Innanhústaugar, lampa og önnur áhöld, sem setja á í samband við rafveituna, skal setja upp á kostnað hlutaðeigenda af löggiltum rafvirkjum, sem hreppsnefnd skipar til þess; engir aðrir mega fást við slík störf. Nýjar raflagnir og eldri lagnir, sem breytt hefir verið eða gert við, má ekki taka í notkun fyrr en þeir menn, sem hreppsnefnd hefir falið umsjón með raflögnum, hafa skoðað þær og vottað, að þær séu fullnægjandi.

10. gr.

Enginn má aðhafast neitt það, er valdið geti skemmdum eða truflunum á raftaugum eða öðrum tækjum rafveitunnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Enginn má heldur hafa orku úr taugum rafveitunnar, nema hafa fengið leyfi hreppsnefndar. Brjóti nokkur gegn ákvæðum þessum, skal hann greiða fullar skaðabætur samkvæmt dómi óvillballra manna, sem sýslumaður Suður-Múla-sýslu útnefnir.

37

19. júní

11. gr.

Hverjum rafmagnsnotanda ber skylda til þess að sjá um það eftir mætti, að rafmagnstæki hans séu í góðu lagi. Komi ólag á þau, skal hann tafarlaust tilkynna framkvæmdarstjóra það. Verði rafmagn notað til hita eða suðu, ber að gæta þess, að eldhætta stafi ekki af áhöldunum.

12. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna áhöld, sem að áliti stöðvarstjóra eða rafvirkja eru ótrygg eða til talmunar góðum rekstri rafveitunnar.

13. gr.

Rafveitan áskilur sér einkasölu á öllum áhöldum og efni, sem notað er í sambandi við rafveituna.

14. gr.

Stöðvarstjóri, framkvæmdastjóri og rafvirkjar skulu ætíð hafa frjálsan aðgang að raflögnum og áhöldum, sem eru í sambandi við rafveituna, til þess að rannsaka, að allt sé í góðu lagi.

15. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem hann hefir samkvæmt reglugerð þessari, eða virðir að vettugi fyrirskipanir hreppsnefndar, skal framkvæmdastjóra heimilt að slíta sambandi við hann til bráðabirgða og að fullu, sé brýn ástæða til. Notandi ber fulla ábyrgð á afleiðingunum, sem af vanrækslu hans kunna að stafa.

16. gr.

Hreppsnefnd semur gjaldskrá yfir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis stjórnarráðsins á henni.

17. gr.

Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum reglugerðar þessarar, skal leita úrskurðar lögreglustjóra.

18. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 kr., nema þyngri hegning liggji við, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

37

19. júní

19. gr.

Með reglugerð þessari er numin úr gildi reglugerð fyrir rafveitu Eskifjarðarhrepps frá 1925 og viðauki við söntu reglugerð frá 20. apríl 1929.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1936 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. júní 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

38

19. júní

G J A L D S K R Á

fyrir rafveitu Eskifjarðarhrepps.

1. gr.

I. Um mæli: kr. 0,70 fyrir hverja kilóvattstund.

II. Án mælis: fyrir hvert watt greiðist yfir ljósárið:

1. Í íbúðarhúsum	50 aurar
2. Á bátabryggjum, geymslu-, sjó-, og útihúsum	20 —
3. Á hafskipabryggjum	30 —

2. gr.

Rafmagnsgjöld eftir mæli ber að greiða, þegar þau verða krafín. Rafmagnsgjöld án mælis skal greiða fyrir 1. okt. hvert ár fyrir það ljósár, sem þá er byrjað.

3. gr.

Hafi gjaldið ekki verið greitt hálfum mánuði eftir gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeiganda, enda hafi honum verið tilkynnt það skriflega. Gjaldið má taka lögtaki.

4. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsveitu Eskifjarðarhrepps frá 8. apríl 1925.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1936 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. júní 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.